



Grímsnes-og Grafningshreppur  
Stjórnsýsluhúsið Borg  
805 Selfoss

Reykjavík, 14. desember 2023  
USK23110158

Mál: Grímsnes- og Grafningshreppur - Nesjavellir - skipulags- og matslýsing -  
umsagnabeiðni

---

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. nóvember 2023 var lagt fram erindi Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 14. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn um skipulags- og matslýsingu, dags. 16. október 2023, er varðar breytingu á deiliskipulagi Nesjavalla. Markmið endurskoðunar deiliskipulagsins er að skilgreina svæði fyrir nýjar uppbotarvinnsluholur og niðurdælingarholur. Endurskoðunin felur í sér breytta afmörkun iðnaðarsvæðis og hverfisverndar til samræmis við breytt aðalskipulag og verður afmörkun skipulagssvæðisins endurskoðuð með tilliti til þessara breytinga. Einnig verða færðar inn í deiliskipulagið þau mannvirki og lagnir sem byggð hafa verið á síðustu 10 árum ásamt þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tímabilinu.

### **Umsögn**

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við skipulags- og matslýsinguna. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt að gera athugasemdir við tillöguna á síðari stigum.

Virðingarfyllst,  
f.h Skipulagsfulltrúa, Hrönn Valdimarsdóttir  
*Umhverfis- og skipulagssvið*  
*Skrifstofa skipulagsfulltrúa*